

Innra mat Selásskóla

2025-2026



Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig innra mati er háttað í Selásskóla til bæði lengri tíma sem styttri. Markmið innra mats er að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum ásamt því að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Skólar veita svo upplýsingar um skólastarf og árangur þess og þróun til hlutaðeigandi aðila.

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Í 36. grein stendur:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í 35. grein er vikið að markmiðum matsins:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat er ferli sem lýkur aldrei og er ekki einangruð aðgerð. Það er stöðugt ferli og að mörgu er að hyggja þegar matsáætlun er gerð og nauðsynlegt að vandað sé til verka. Í þessari áætlun verður lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig verður horft til þátta sem matsfræðin leggja áherslu á. Þessu til viðbótar verður horft til gæðaviðmiða Menntamálaráðuneytis. Nýr viðmiðunarlisti var uppfærður haustið 2022.

Fyrsti kafli fjallar um starfsemi Selásskóla, upplýsingar um markmið og tilgang matsins og matsteymið. Annar kafli fjallar um innra matið, aðferðir og framkvæmd, innra mats áætlun skólaársins 2025-2026 auk greinagerðar með niðurstöðum innra mats skólaárið 2024-2025. Þriðji kafli

inniheldur umbótaáætlun og langtímaáætlun sem gerð er til fimm ára og uppfærð árlega. Hafa þarf í huga að ný matstæki geta bæst við svo sem Matsferli sem áætlað er að verði tekinn í notkun á vorönn 2026 auk þess sem öðrum kann að vera skipt út, gagnist þau ekki sem ekki sem skyldi.

Selásskóli

Selásskóli hóf starfsemi sína árið 1986 og hefur því starfað í 40 ár. Skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi í Seláshverfi og nýta starfsmenn umhverfið í kennslu og útivist. Börnin eru í Selásskóla til 12 ára aldurs en þá fara þau í Árbæjarskóla sem er safnskóli hverfisins. Einkunnarorð skólans eru Látum þúsund blóm blómstra og gildin eru VIRÐING – GLEÐI - VINÁTTA. Lögð er áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum líður vel. Við leggjum mikla áherslu á að gott samstarf sé á milli heimila og skóla. Við leitumst við að vinna á fjölbreyttan hátt og nota einstaklingslega nálgun í kennslu með fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Í Selásskóla er skapandi lærdómssamfélag og höfum við verið að innleiða tækni og sköpun undanfarin ár ásamt því að innleiða Uppeldi til ábyrgðar snýst um að kenna að byggja upp innri styrk til sjálfstjórnar og sjálfsaga með það að markmiði að skapa umhyggjusamt og styðjandi samfélag.

Í Selásskóla viljum við leggja áherslu á að sérhver nemandi fái tækifæri til náms við hæfi og að skólastarfinu sé tekið sé tillit til hæfileika og áhuga hvers og eins. Jafnframt skal stefnt að því að ýta undir frumkvæði nemenda, kalla fram sköpunarkraft þeirra og áræði og hugmyndaflug. Við teljum mikilvægt að efla gagnrýna hugsun nemenda svo að þeir verði hæfari til að greina og meta ýmis konar efni og upplýsingar og svo þeir verði hæfari til að taka afstöðu í ólíkum málum.

Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt með það að markmiði að nemendur skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru. Nemendur öðlist færni og ábyrgðarkennd til að lifa í sátt við samfélag og náttúru. Skólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi innkaup, notkun efna, orku og meðferð úrgangs.

Í erli og hraða nútímasamfélags, er þörf á að ala börn upp í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Foreldrar kenna þeim almennar umgengnisvenjur, kurteisi og hátþrýði og í Selásskóla þjálfast þau í samskiptum og að vera þátttakendur í samfélagi ólíkra einstaklinga. Við leggjum áherslu á gott samstarf við foreldra með velferð nemenda að leiðarljósi. Í þessu felst umhyggja fyrir nemendum og ríkur vilji til að styðja sem best við framfarir, þroska og vellíðan þeirra. Allir sem að skólasamfélaginu koma eiga að taka til sín þá hvatningu sem í þessum orðum felast. Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á því að koma til þeirra verka sem okkur bíða í skólanum með jákvæðu hugarfari svo allir fái að blómstra í því sem

þeir taka sér fyrir hendur. Þetta á við, hvort sem um ræðir nemendur, starfsmenn skólans eða foreldra. Með virðingu og metnaði fyrir þeim verkum sem unnin eru í skólanum tryggjum við vellíðan og árangur í námi.

Selásskóli setur sér það markmið að vera í farabroddi íslenskra skóla í lestrarkennslu og læsiskámi nemenda auk þess að nota tækni í skapandi skólastarfi. Enn fremur að vinna að öflugri umhverfismennt og náttúruvísindum á því aldurstigi sem skólinn starfar á.

Í Selásskóla eru um 180 nemendur og við skólann starfa um 40 manns. Góð íþróttaaðstaða er við skólann en þar er íþróttahús, gervigrasvöllur og skólalóð með fleiri íþróttavöllum og möguleikum til leikja. Íþróttir nemenda í eru kenndar í íþróttahúsi skólans og sund er kennt í Sundlaug Árbæjar. Gott samstarf er við leikskóla hverfisins, Íþróttafélagið Fylki, frístundaheimilið Víðisel og félagsmiðstöðina Ársel og fleiri.

Tilgangur og markmið matsins

Í *Leiðbeiningum um innra mat grunnskóla* (2016, bls. 6) sem teknar voru saman af Sigríði Sigurðardóttur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið kemur fram að vel þróað innra mat leiði af sér:

- Aukin gæði náms og betri námsárangur
- Eflingu fagmennsku og styrkingu lærdómssamfélags.
- Betri upplýsingagjöf og innra eftirlit.

Einnig er horft til þess að þeim fjármunum sem settir eru í skólastarfið sé vel varið. Þessu til viðbótar gegnir matið því hlutverki að styðja við innviði starfsins og aðstoða starfsfólk við að gera það betra.

Grundvallarspurningar í vinnunni verða því (sbr. leiðbeiningar um innra mat grunnskóla):

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að vera enn betri?

Tilgangurinn er því eins og fram kom í inngangi að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum og greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Ekki má gleyma því að skólastarf snýr fyrst og fremst að nemendum og fjölbreyttum árangri þeirra. Þess vegna er mikilvægt að huga að öllum sviðum skólastarfsins en þau hafa vissulega áhrif á námsárangur.

Í matinu verður hugað að þáttum eins og skólastjórnun, faglegri þróun starfsfólks, nýtingu bjarga, skipulagningu kennslu, virkri þátttöku nemenda og starfsfólks í starfi skólans, virku samstarfi við foreldra, þróunarstarfi o.s.frv.

Matsáætlun Selásskóla er sett upp út frá fyrrnefndum viðmiðum. Hugmyndin er að styðjast fyrst og fremst við formlegt mat, þar sem trausta upplýsinga er aflað á kerfisbundinn hátt til að meta gildi og gæði þjónustunnar og leiðsagnarmat þar sem meta á þjónustuna með það í huga að það nýtist þeim sem starfa í skólanum og leiði til þess að þjónustan verði eflað og styrkt. Einnig verður hugað að óformlegu mati svo sem samtali á starfsmannafundum, kennarafundum, stigsfundum, fagfundum o.s.frv. Mjög mikilvægt mat á sér stað á þessum vettvangi, mat sem oft er ekki skráð með formlegum hætti.

Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé horft til innra mats í þessari áætlun fléttast ytra mat einnig inn í matið. Skólinn nýtir t.d. kannanir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum til að greina stöðu og þarfir innan skólans. Ytra matið er því mikilvæg viðbót við innra matið. Þar má meðal annars nefna niðurstöður úr öðru mati s.s. Skólapúlsinn, Æskulýðsrannsóknin, Foreldrakönnun SFS og Stofnun ársins. Auk þessa er púlsinn tekinn í starfsmannasamtölum, á skólaráðsfundum og á kennara/starfsmannafundum. Þessar kannanir eru ýmist lagðar fyrir af SFS eða af frumkvæði skólans sjálfs. Einnig er unnið með skimanir og ýmis próf sem lögð eru fyrir nemendur. Í Selásskóla er lögð áhersla á að fylgjast vel með innra starfi skólans og bregðast við því sem betur má fara með skjótum hætti. Í matsvinnunni er lögð áhersla á að nýta þau gögn sem eru fyrir hendi.

Eins og fram kom hér fyrir framan leggur skólinn áherslu á nemandann og þarfir hans. Með hliðsjón af því verður lagt mat á eftirfarandi þætti í samræmi við gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis:

1. Stjórnun og fagleg forysta

1.1 Samvirkni í stefnumótun

1.2 Faglegt samstarf og samræða

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

- 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskiptin
- 1.7 Leiðtogaæfni stjórnenda og starfsfólks

2. Nám og kennsla

- 2.1 Inntak og námskrá
- 2.2 Árangur náms
- 2.3 Gæði kennslu
- 2.4 Skipulag náms
- 2.5 Námsvitund
- 2.6 Ábyrgð og þátttaka

3. Innra mat

- 3.1 Skipulag
- 3.2 Framkvæmd
- 3.3 Umbætur

Verkefnið er umfangsmikið en margir koma að því og því teljum við það gerlegt. Nauðsynlegt er að minna á eftirfarandi:

Mat á skólastarfi getur haft verulegt gildi ef það er vel unnið. Það er ekki greiði við neinn að halda áfram að veita kennslu sem ekki skilar þeim árangri sem vænst var og það er mikilvægt að bæta skólastarf svo að það skili eins góðum árangri og mögulegt er. (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 24)

Matið lagar ekkert eitt og sér heldur það sem gert er í kjölfarið. Því er lögð áhersla á að gera matið skýrt og aðgengilegt og birta matsáætlun, umbótaáætlun svo og allar niðurstöður opinberlega.

Matsteymið

Í fagmennskuteymi Selásskóla um innra mat eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir kennarar. Fagmennskuteymið setur niður matsáætlun skólans og er hún sett til fimm ára í senn. Matsáætlunin er lögð fyrir skólaráð um þar sem sitja fulltrúar foreldra, nemenda, starfsmanna og grenndarsamfélags og þar geta þeir komið með ábendingar og athugasemdir við matsþætti og framkvæmd matsins. Fulltrúar í teyminu skipta með sér verkum þegar kemur að matinu sjálfu og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Aðferðir og framkvæmd

Við skipulagningu innra matsins er lögð áhersla á skýra matsáætlun. Verkefnið er brotið niður í smærri einingar til að einfalda það. Þetta form teljum við auðvelda úrvinnslu vegna þess að unnið er jafnt og þétt yfir veturinn að minni verkefnum og þau tengd jafnóðum. Markmiðið er að skipulagið auki gæði matsins þar sem verkefnið verður viðuráðanlegra. Þegar hverjum matsþætti er lokið er niðurstöðum skilað. Matið er í gangi allt árið, niðurstöður koma jafnt og þétt yfir veturinn og strax hægt að bregðast við þeim með umbótaáætlun eða annars konar aðferðum (s.s. að hætta einhverju strax sem ekki virkar). Samantekt á niðurstöðum er síðan birt í lok hvers skólaárs auk umbótaáætlunar. Við matið er stuðst við margs konar matsaðferðir, eigindlegar, megindlegar og blandaðar aðferðir. Lögð er áhersla á að nota aðferðir sem best svara matsspurningunum í hvert sinn.

Sem dæmi má nefna hefðbundnar spurningakannanir (eins og SFS og Skólapúlsinn leggja fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra), starfsmannasamtöl sem tekin eru af stjórnendum, fundir með fagkennurum, kennurum í árgangi, einstaklings- og/eða rýnihópaviðtöl, matsfundur með skólaráði, starfsmannafundir og fundir í nemendaráði, vettvangsathuganir til að skoða kennslu út frá útgefnum viðmiðum og ýmsar aðrar leiðir. Fjölbreyttar aðferðir geta veitt okkur sýn frá mismunandi sjónarhornum og þannig rennt styrkari stoðum undir niðurstöðurnar.

Langtímaáætlun og sjálfsmatsáætlun

Hér fyrir neðan er að finna langtímamatsáætlun til fimm ára tímabilið 2025-2030. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2025-2026. Í áætlun hvers árs koma fram fastir matsþættir sem mældir eru árlega auk þátta sem mældir eru t.d. annað hvert ár. Markmiðið er að taflan hér fyrir aftan nái yfir flest það sem ætlunin er að meta. Eðli málsins samkvæmt geta áætlanir samt breyst, verkefni bæst við eða dottið út, óvæntar aðstæður komið upp o.s.frv. Skólinn leggur þó áherslu á að flest sé hér að finna.

Sérverkefni skóla og aðrar kannanir

Mat á sérverkefnum skóla fer einnig fram með reglubundnum hætti. Þar getur komið inn mat á verkefnum eins og Grænfáninn, Etwinning og ýmis þróunarverkefni. Teymin sem sjá um viðkomandi verkefni sjá einnig um mat á þeim í samvinnu við fagmennskuteymi skólans en lögð er áhersla á að viðmiðin um matið séu skýr. Fjöldi verkefna getur verið mismunandi frá ári til árs. Til viðbótar skipulögðum könnunum á vegum skólans bætast stundum við aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir af Skóla- og frístundasviði eða í tengslum við mennta- og barnamálaráðuneytið. Niðurstöður allra kannana og greining á þeim eru kynntar fyrir hagsmunaaðilum og settar í matsskýrslu að vori.

Skimanir og könnunarpróf

Í Selásskóla er áhersla lögð á stöðugt rauntengt námsmat. Auk þess eru nokkrar kannanir lagðar fyrir og rýnt í niðurstöður. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi starf og snemmtæka íhlutun með því að fylgjast vel með framförum nemenda. Í upphafi skólagöngu er sérstök áhersla lögð á að skima nemendur og finna þá einstaklinga sem þurfa eða eru líklegir til að þurfa stuðning á skólagöngu sinni. Þegar gott yfirlit er komið yfir hópinn er brugðist við með viðeigandi hætti. Þau viðbrögð miðast við samsetningu hópsins og náms- og félagslega stöðu einstaklinganna samkvæmt skimunum.

1. bekkur

Stafakönnun - lögð fyrir alla nemendur í september, desember og maí eftir þörfum

Hljóðfærnipróf- lagt fyrir þá nemendur sem lenda í áhættu 1 í lesskimun

Lesferill – janúar fyrir þá sem þurfa

Lesferill - lesfimiþróf - lögð fyrir alla nemendur í september, janúar og maí

Tove Krogh – lagt fyrir í september/október

Lesskimun frá MMS – október

Læsi 1.2 – lagt fyrir í febrúar

Læsi 1.3 – lagt fyrir í mars/apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

Verkefnastjóri stoðþjónustu/sérkennari ásamt umsjónarkennurum hefur forgöngu og stýrir framkvæmd, úrvinnslu og eftirfylgni í samvinnu proskapjálfa.

2. bekkur

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Lesferill: Lesmál – lagt fyrir í apríl

Lesferill/nefnuhraði - lagt fyrir í janúar fyrir þá nemendur sem þurfa

Lesmál – lagt fyrir í apríl og svör send á SFS

Stafa/hljóðþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir nemendur sem eru undir viðmiði 1.

Læsi 2, 1. – lagt fyrir í nóvember

Læsi 2.2 – lagt fyrir í febrúar

Aston Index – lagt fyrir í október og apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

3. bekkur

Talnalykill - stærðfræði - þriggja þrepa skimun

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Lesferill/nefnuhraði- lagt fyrir í janúar fyrir þá sem þurfa.

Stafa og hljóðþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir nemendur sem ekki ná viðmiði 1

Orðarún, mat á lesskilningi lagt fyrir í september og janúar

Aston Index – lagt fyrir í október og apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

4. bekkur

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Matsferill lagður fyrir feb/mars

Lesferill/nefnuhraði- lagt fyrir í janúar fyrir þá sem þurfa

Stafa og hljóðþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir nemendur sem ekki ná viðmiði 1

Orðarún, mat á lesskilningi, lagt fyrir í september og maí

Aston Index – lagt fyrir í október og apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

5. bekkur

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Matsferill lagður fyrir feb/mars

Lesferill/nefnuhraði- lagt fyrir í janúar fyrir þá sem þurfa

Stafa og hljóðþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir nemendur sem ekki ná viðmiði 1

Orðarún, mat á lesskilningi, lagt fyrir í september og maí

Aston Index – lagt fyrir í október og apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

6. bekkur.

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Lesferill/nefnuhraði- lagt fyrir í janúar fyrir þá sem þurfa

Matsferill lagður fyrir feb/mars

Stafa og hljóðþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir nemendur sem ekki ná viðmiði 1

Orðarún, mat á lesskilningi, lagt fyrir í september og maí

Aston Index – lagt fyrir í október og apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

7. bekkur

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Lesferill/nefnuhraði- lagt fyrir í janúar fyrir þá sem þurfa

Matsferill lagður fyrir feb/mars

Stafa og hljóðþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir nemendur sem ekki ná viðmiði 1

Orðarún, mat á lesskilningi, lagt fyrir í september og maí

Aston Index – lagt fyrir í október og apríl

Milli mála- lagt fyrir nemendur með íslensku sem annað mál í september

Það er hlutverk stoðþjónustu að sjá til þess að nemendum sem eiga erfitt með nám, sem sýna lítinn árangur, litlar framfarir sé sinnt. Áhersla er á að þeim sé sinnt innan bekkjar sé þess nokkur kostur. Til viðbótar því að finna nemendur sem skera sig úr er lögð áhersla á kanna framfarir nemenda sem

skara fram úr. Verkefnastjóri stoðþjónustu auk sérkennara og umsjónarkennara bera ábyrgð á þessu verkefni og horfa til viðmiða sem sett eru með hverju skimunarprófi auk þess sem dreifing niðurstaðna er skoðuð.

Stoðþjónusta, stjórnendur og kennarar munu meta niðurstöður Matsferils. Skoðað verður hvað gengur vel og hvað má betur fara. Stoðþjónusta skólans sinnir þeim börnum sem þurfa mikinn stuðning í námi. Sérkennarar og þroskajálfar vinna náið með umsjónarkennurum/faggreinakennurum þannig að allir séu vel upplýstir um þann stuðning sem nemendur fá.

Að lokum

Eins og fram kemur í inngangsorðum er markmið þessarar áætlunar að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Selásskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að gera áætlun sem er framkvæmanleg í skólaumhverfinu og ekki of umfangsmikil.

Mikilvægt er að mestur tími kennara fari í að undirbúa og þróa kennsluna, sinna nemendum, foreldrasamstarfi og starfsþróun, enda kemur það nemendum best og skipta mestu máli fyrir framfarir þeirra. Við gerð áætlunarinnar er því horft til þessarar áherslu.

Mikilvægt er að skólinn horfi til þess að ná eigin markmiðum og bæta innra starf. Að miða sig stöðugt við aðra skóla getur verið erfitt því ytri þættir eins og uppbygging hverfa, reynsla starfsfólks, menntunarstig foreldra og samsetning nemendahópa getur verið ólík eftir skólum. Því er mikilvægt að horfa til framfara, að meta út frá eigin viðmiðum og gleyma því ekki að horfa á það sem vel gengur í skólanum og styrkja þá þætti. Þó svo að samanburður sé góður þá er nauðsynlegt að vera meðvitaður um að skólar geta verið mjög ólíkir og stundum varla samanburðarhæfir.

Skólastarf þarf að vera í stöðugri þróun m.a. vegna breytinga í umhverfi skóla, vegna tækniþróunar, vegna breyttra áherslna og stefnu löggjafans og eftirlitsaðilans, vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu, vegna ólíkra nemenda o.s.frv. Matið þarf að þróast eins og annað starf skólans og mikilvægt er að meta ávallt það sem skólinn er að gera og huga jafnframt að því sem hann ætti að vera að gera. Innra mat skóla tekur aldrei enda og er í stöðugri þróun.

LANGTÍMAÁÆTLUN					
<u>Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis</u>	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun					
Faglegt samstarf og samræða		X			
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				X	
Umbætur og innleiðing breytinga			X		
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"					
Starfsmannastjórnun og verkaskipting					X
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks					X
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá		X			
Árangur náms	X				
Gæði kennslu	X				
Skipulag náms				X	
Námsvitund					X
Ábyrg og þátttaka			X		
<u>Menntastefna Reykjavíkur</u>	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni	X				
Sjálfsefling		X			
Heilbrigði			X		
Læsi				X	
Sköpun					X
Aðrir áhersluþættir skóla					

ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Ljúka við skólanámskrá	Stjórnendur og matsteymi. Skólaráð	Júní 2026	Stjórnendur	Skólanámskrá birt á heimasíðu fyrir haustið 2026
Námskrár og kennsluáætlanir	Leggja fram og birta námskrár árganga og greina sem uppfylla viðmið aðalnámskrár.	Vinnu og matsfundir með kennurum	Skólaárið 2025-2026	Stjórnendur	Námskrár og kennsluáætlanir liggi fyrir haustið 2026
Gæði kennslustunda. Kafli 2.3. í gæðaviðmiðum	Að efla gæði og samræðu stjórnenda og kennara um gæði kennslu	Innlit í kennslustundir/ vettvangsheimsókn stjórnenda.	Október - apríl	Stjórnendur og matsteymi	Að 80% kennslustunda séu í samræmi við þau gæðaviðmið sem sett hafa verið.
Líðan nemenda	Vinna markvisst að bættri líðan nemenda í kennslustundum.	Spurningakönnun lögð fyrir nemendur (ÍÆ og RogG)	Nóv. og apríl.	Matsteymi	Að bæta líðan nemenda og vera fyrir ofan landsmeðaltal.
Árangur náms Kafli 2.2. í gæðaviðmiðum	Vinna markvisst að þjálfun lestrar og lesfimi nemenda,	Lesfimiþróf	Tvisvar-þrisvar á skólaárinu.	Umsjónarkennarar og stjórnendur. Matsteymi	Að lesviðmið allra árganga séu fyrir ofan landsmeðaltal

	sérstaklega á miðstigi.				
Nám og kennsla	Fylgja eftir settum viðmiðum um gæði kennslu.	Innlit í kennslustundir og samtal við kennara. Matsfundir	Febrúar og apríl	Stjórnendur	Að verið sé að vinna að settum gæðaviðmiðum skólans.
Stjórnun og fagleg forysta.	Samkvæmt gæðaviðmiðum grunnskóla.	Greining gagna. Matsfundur.	Apríl.	Matsteymi	Gæðalýsing á umbótum og innleiðingum breytinga í gæðaviðmiðum um grunnskóla. Allir þættir í A eða B.
Líðan og viðhorf starfsfólks	Sjá markmið um líðan starfsfólks í skólanámskrá.	Spurningakönnun til starfsfólks.	Janúar.	Matsteymi	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Niðurstöðukaflí (styrkleikar og tækifæri)

Samkvæmt sjálfsmatsskýrslu skólaárið 2025-2026 koma hér helstu styrkleikar og tækfæri til umbóta hvað varðar stjórnun, faglega forystu og kennslu, nám og líðan nemenda.

Nám og kennsla – árangur náms

Styrkleikar:

- Í skólanum er ríkjandi lestrarmenning þar sem unnið er markvisst að eflingu læsis í víðu samhengi í námi, kennslu og öðru daglegu starfi (má þar nefna bókasafn, námsumhverfi, upplestrarkeppnir, ofl.)
- Unnið er að því að efla lestrarhvöt nemenda með eftirfarandi lykilhugtökum: aðgengi – fjölbreytt lesefni, aðstæður – að lesa daglega og umræður-tækifæri til að ræða lesefnið.
- Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiþrófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna að stefnu um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.
- Fylgjast reglulega með árangri og framförum hvers nemanda og nemendahópa og hann skráður.
- Rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlanir um nám og framfarir nemanda/nemendahópa út frá niðurstöðum.
- Nýta markvisst niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi til að auka framfarir nemenda.
- Viðhalda og bæta stöðu skólans í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat út frá þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum.
- Gera viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni aðgengileg

Nám og kennsla – gæði kennslu

Útbúinn var sérstakur listi með gæðaviðmiðum fyrir innlit í kennslustundir í Selásskóla.

Styrkleikar:

- Námsgögn tilbúin
- Gott skipulag
- Skýr fyrirmæli og stundvísi
- Virkir nemendur

Tækifæri til umbóta:

- Hæfniviðmið sýnileg og skýr námsmarkmið
- Áhugaverðar kveikjur og skýr tilgangur námsins
- Samantekt og endurgjöf í lok kennslu

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu 2024-2025 auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

UMBÓTAÁÆTLUN

Innra mat Selásskóla

Áherslupáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Árangur náms	Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat út frá þeim hæfniviðmiðum sem	Útbúa betra skipulag í skiptingu hæfniviðmiða á milli árganga. Útbúa viðmið um	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 26	Vor 27	Að viðmið um árangur sé komið inn í skólanámskrá.	Þegar búið er að yfirfara og gera upp á nýtt að þá er viðmiði náð.

	liggja til grundvallar í kennsluáætlunum	árangur - árangursviðmið í hverjum árgangi/námsgrein.					
	Rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlanir um nám og framfarir nemanda/nemendahópa út frá niðurstöðum.	Funda reglulega með kennurum og stoðþjónustu og vinna að þessum þætti.	Verkefnastjóri stoðþjónustu	Vor 26	Ávallt í gangi	Að fundir séu komnir inn á innra skóladag og áætlanir komnar um nám og framfarir.	Að þetta sé komið inn í vinnulag skólans.
	Vinna að stefnu um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.	Vinna að endurskoðun hæfniviðmiða og skipta þeim á milla árganga til að ná betri og samfelli í námi.	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 26	Vor 27	Að skipting hæfniviðmiða séu komin í skólanámskrá.	Að unnið sé markvisst eftir þessu.
	Efla lestrarfærni, lesskilning og ritun nemenda	Samstarf við Ártúnsskóla með það að markmiði að auka færni kennara í þessum málaflokki.	Skólastjórnendur	Vor 26	Vor 27	Í lesfimi og matsferli	Að námsárangur nemenda hafi aukist.
Gæði kennslu	Að hæfniviðmið séu sýnileg í kennslustofum og námsmarkmið skýr	Að kennarar geri þetta sýnilegt í öllum kennslurýmum	Skólastjórnendur og kennarar	Haut 26	Vor 28	Með innliti í kennslustundir	Að hæfniviðmið og námsmarkmið séu sýnileg nemendum í hverri kennslustund
Líðan og velferð	Viðhalda og bæta stöðu skólans í samskiptum og líðan	Auka þarf samtal og eftirlit með líðan nemenda,	Allir í skólasamfélaginu	Haut 26	Vor 28	Skólapúlsinn og aðrar kannanir um líðan og hagi nemenda. Vinna	Jákvæðar breytingar á

	nemenda, þ.m.t. einelti.	gera nemendur virka í samtali um einelti, hvað það er og þeirra samfélagslegu ábyrgð að það viðgangist ekki í skólanum.				með matsþætti sem eru undir viðmiðum hverju sinni auk þess sem upp kemur hverju sinni.	niðurstöðum kannanna.
	Efla félagsfærni nemenda	Þróunarverkefnið Leikur á viku verður sett af stað í haust	Skólastjórnendur og allir kennarar skólans	Haust 26	Vor 27	Skólapúlsinn	Meiri félagsfærni nemenda, ánægja og sjálfstraust.
Skólasamfélag	Efla samskipti milli starfsfólks og foreldra	Halda reglulega upplýsingafundi og opna samskiptaleiðir	Skólastjórnendur	Haust 26	Ávallt í vinnslu	foreldrakannanir	Meiri ánægja foreldra og aukin þátttaka þeirra á framvindu náms barna sinna
	Vinna að því að bæta ímynd skólans í samfélaginu	Meira og markvissara foreldrasamstarf. Virkja starfsfólk og nemendur í jákvæðum aðgerðum.	Skólastjórnendur	Haust 26	Vor 28	Foreldra- og starfsmannakannanir, skólapúlsinn	Meiri ánægja í könnunum